

Stjórn Sambands garðyrkjubænda samþykkti á fundi sínum 15. nóvember 2018, eftirfarandi umsögn vegna aðgerðaráætlunar í loftlagsmálum:

„Samband garðyrkjubænda fagnar framkominni aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Í áætluninni er að finna yfirlit yfir ýmsar aðgerðir sem Samband garðyrkjubænda hefur mikinn áhuga á að taka þátt í og útfæra nánar í samstarfi við stjórnvöld. Má þar nefna aðgerð nr. 9 um innlenda eldsneytisframleiðslu úr plöntum og úrgangi, aðgerð nr. 32 sem miðar að því að draga úr notkun tilbúins áburðar og aðgerð nr. 18 og 19 er lúta að skógrækt og landgræðslu, en innan raða Sambands garðyrkjubænda starfa m.a. garð- og skógarplöntuframleiðendur.

Aðgerðir nr. 24 og 31 um loftlagsbókhald / grænt bókhald og nr. 30 um að draga úr matarsóun falla einnig afar vel að áherslum í starfi garðyrkjubænda og þeim verkefnum sem þegar eru unnin á vettvangi íslenskar garðyrkju.

Það er hins vegar lykilatriði að horfa heildstætt á aðgerðir í loftslagsmálum.

Losun atvinnugreina hagkerfis hjá löndum sem eru ofarlega á lista yfir mest mengandi lönd á ESB+EFTA svæðinu.

	Ísland	Lúxemborg	Eistland	Danmörk	Noregur
Sæti 2016	1	2	3	4	6
Flutningur með flugi (H51)	33%	50%	0%	5%	8%
Framleiðsla málma (C24)	30%	5%	0%	0%	7%
Heimili	10%	19%	5%	11%	9%
Sjávarútvegur og matvælaframleiðsla (A03, C10-C12)	9%	0%	1%	2%	3%
Flutningur á sjó og vatnaleiðum (H50)	8%	0%	3%	45%	11%
Önnur framleiðsla (C fyrir utan C10-C12 og C24)	4%	11%	12%	6%	14%
Önnur flutningastarfsemi (H utan H50-H51)	1%	2%	7%	5%	12%
Orkuveitur og vatnsveitur (D-E)	0%	2%	66%	16%	3%
Hráefnavinnsla úr jörðu og þjónustustarfsemi því tengd (B)	0%	0%	0%	2%	29%
Landbúnaður og skógrækt (A01-A02)	0%	1%	0%	2%	1%
Annað	4%	9%	5%	5%	3%

Mikilvægt er að auka, sem kostur er, innlenda framleiðslu á garðyrkjuafurðum og sjálfbærni, enda má sjá að flutningar með flugi stuðla að verulegum hluta losunar.

*Stjórnvöld verða að tryggja að starfsumhverfi garðyrkjunnar dragi ekki úr samkeppnishæfni innlendra afurða gagnvart innfluttum afurðum. Samband garðyrkjubænda leggur þannig áherslu á að hugað verði sérstaklega að því að **auka alls ekki álögur á flutninga á aðföngum og afurðum á landi, með hækkun skatta og kolefnisgjalds sbr. aðgerð 1 og 2.***

Þá verður að benda á að tímarammi til að banna innflutning á tækjum sem brenna jarðefnaeldsneyti, sbr. aðgerð nr. 5 er vart raunhæfur, þar sem framboð á vinnuvélum og tækjum til landbúnaðar sem nýta vistvæna orkugjafa er afar takmarkað.

Samband garðyrkjubænda mun skila inn umsögn vegna Orkustefnu sem nú liggur fyrir í samráðsgáttinni. Þó ekki verði farið útarlega út í þann málaflökk hér verður þó að minnast á mikilvægi þess að innlend orka verði nýtt til að skapa innlendri framleiðslu hagfelld samkeppnisumhverfi, m.a. í garðyrkju og öðrum greinum sem vel eru til þess fallnar að auka sjálfbærni og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Að nýta innlenda orku til að erlendir aðilar geti grafið eftir rafmyntum fellur tæplega í þann flokk.

Jafnframt ættu stjórnvöld að falla frá því að orkufyrirtæki í eigu ríkisins selji upprunavottun raforku úr landi. Slíkt er óhagstætt þegar á heildina er litið.

Samband garðyrkjubænda mun mögulega koma á framfæri hugmyndum og athugasemdum við málið á síðari stigum, eftir því sem fram vindur“.

F.h. Sambands garðyrkjubænda
Katrín María Andrésdóttir
Framkvæmdastjóri,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík